

# Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa

Dósthólf 5150  
125 Reykjavík — Iceland  
Kennitala 430775-0229

Alþingi  
Erindi nr. P 120/593  
komudagur 22/12 1995

Allsherjanefnd Alþingis,  
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur,  
Pórshamri v/Templarasund.

Reykjavík 18.12.95.

Vísað er til erindis dags. 8. nóv. sl., þar sem óskað er eftir umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, (SÍF) um frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Ég vil í byrjun biðjast afsökunar á því hversu seint þessi umsögn berst. SÍF vill engu að síður freista þess að senda nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

SÍF telur mikilvægt að Ísland verði fullgildur aðili að þeim samningum sem frumvarpið vísar til þannig að relgur skapist um á hvern hátt fara eigi með málefni barna sem numin eru á brott.

Frumvarpið er tyrfið og oft á tíðum erfitt að átta sig á hvort ákveðnar greinar tengjast Evruópusamningnum eða Haagsamningnum. Þannig verður frumvarpið erfitt yfirlstrar og ekki alltaf nógu skýrt.

Af inngangi með greinargerð frumvarpsins má lesa að hér er verið að fjalla um börn foreldra, sem hafa skilið að skiptum. Fjölgun hjónabanda og sambanda fólks af ólíkum þjóðernum, hjónaskilnaðir og sundraðar fjölskyldur, þar sem sífellt fleiri börn lenda í þeirri stöðu að verða bitbein foreldra sem búa ekki í sama landi, virðist hafa verið hvatninn af samningi og samþykkt þeirra samninga sem frumvarið vísar til.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur hins vegar skýrt fram að hér er einnig verið að fjalla um börn, sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af og jafnvel komið í fóstur. Þannig segir t.d. í greinargerð frumvarpsins varðandi 13. gr.

*".....Bæði einstaklingar og lögpersónur, svo sem barnaverndaryfirvöld eða barnaheimili, geta sett fram beiðni. Ef barn er í fóstur á fósturheimili verður að meta hvaða réttarsöðu fósturforeldrar hafa gagnvarp barninu samkvæmt lögum í búsetulandi barns. Ef barni hefur verið ráðstafað í fóstur fyrir milligöngu barnaverndaryfirvalda, sem bera ábyrgð á fósturráðstöfuninni er eðlilegt að líta svo á að barnaverndaryfirvöld séu réttur aðili að máli en ekki fósturforeldrar....."*

Í greinargerðinni segir um 11. gr.

“... Ekki er hægt að líta svo á að foreldrar fari i raun með forsjá ef barnið hefur verið vistað á stofnun eða sett í fóstur samkvæmt ákvörðun barnaverndaryfirvalda. Barnaverndaryfirvöld geta þannig farið með forsjá barnsins og verið réttir forsjáraðilar í skilningi 11. gr....”

Þannig virðist ljóst að skv. skilningi frumvarpsins getur forsjáraðili barns verið kynforeldrar, saman eða annað hvort, fósturforeldrar eða barnaverndaryfirvöld, þó svo að stærsti hluti frumvarpsins leggi áherslu á að hér sé verið að fjalla um deilur kynforeldra varðandi börn sín. Þessi atriði má skýra nánar í frumvarpinu sjálfu, þ.e. hvenær verið er að ræða um deildur kynforeldra og hvenær barnaverndaryfirvöld eru aðilar að málinu.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður standi straum af kostnaði vegna mála af þessu tagi, þó ekki því að flytja barn heim. Hér þarf að tryggja að foreldri/forsjáraðili geti fengið fjárhagsaðstoð til að greiða þennan kostnað og spurnig hvort ekki sé eðlilegast að ríkissjóður taki hann á sig.

Að lokum vill SÍF taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Barnaverndarstofu varðandi frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,  
f. h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa

  
Anni G. Haugen